

7 góðar leiðir

til að kynna nýjan orðaforða

1. Myndir

Notaðu myndir þegar þú kynnir ný orða. Myndir úr blöðum, tímaritum, af netinu, myndaorðabækur eða ljósmyndir.

2. Tengja við raunveruleikann

Notaðu raunverulega hluti ef hægt er, það mun hjálpa nemendum að muna ný orð. Það mun einnig ýta undir að nemendur nái tengingu með líkamlegum hætti. Sýndu hlutinn, lýstu með orðum, skrifaðu orðið á töfluna, láttu hlutinn ganga á milli nemenda og hver og einn segir orðið upphátt.

3. Segja eins og er

Áður en nýtt orð er kynnt til sögunnar er gott að lýsa aðstæðum sem orðið er notað í. Gott að endurorða setningu, t.d.: Ég borðaði of mikið. Ég borðaði yfir mig.

4. Syngja

Gott er að búa til einfalda texta með nýja orðaforðanum við einföld barnalög (t.d. Gamli Nói, Sigga litla systir mín og afmælissönginn).

5. Kynna orðapör

Kynna orðapör í stað þess að kenna eitt orð í einu. Til dæmis andheiti, samheiti eða orð sem hljóma eins en hafa ólíka merkingu eins og t.d. kirkja og kyrkja, hollt og holt

6. Tengja við líkamann

Kenna orð með hreyfingu þannig að nemendur tengi orðin við líkamlega hreyfingu. Nemendur endurtaka orðin og hreyfinguna í leiðinni.

7. Kenna stofn orða í leiðinni

Kenndu stofn orða um leið og nýtt orð er lagt inn (á sérstaklega við eldri nemendur). Það auðveldar nemendum að skilja málfræðina og getur einnig hjálpað þeim að tengja við móðurmál sitt.